

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. ágúst 2022
Málsnúmer: 202206-0022
SS/IAS

Efni: Umsögn um stjórnunar- og verndaráætlun fólkvangsins Spákonufellshöfða.

Vísað er í bréf frá Umhverfisstofnun dags. 16. júní 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um stjórnunar- og verndaráætlun fyrir fólkvanginn Spákonufellshöfða í Sveitarfélaginu Skagaströnd.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér stjórnunar- og verndaráætlunina og gerir einungis nokkrar smávægilegar athugasemdir sem eru eftirfarandi:

Í lýsingu á jarðfræði höfðans á bls. 5 er heppilegra að segja að höfðinn sé úr „stuðlabergi“ frekar en „stuðlabergsbasalti“ ekki síst þar sem síðar kemur fram að aðal bergtegundin sé gabbró.

Í kafla 1.3 um lagalegan og stjórnsýslulegan ramma er talað um „lög um friðun æðplantna, mosa og fléttna nr. 1385/2021“. Ekki er um lög að ræða heldur auglýsingu vegna friðunar.

Fjallað er um fuglaskoðunarhús en ekki kemur fram hvar áætlað er að það verði staðsett eða hversu stórt það verður. Gæta verður þess að það falli vel inn í umhverfið og hafi ekki neikvæð áhrif á ásýnd jarðminja.

Ekki ætti að leyfa drónaflug yfir varpsvæðum fugla á varptíma.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við stjórnunar- og verndaráætlunina.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

